

Ed.

346. Frumvarp til laga

[11. mál]

um togarakaup ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 75% af andvirði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þessa fjárstuðnings. Lánið skal greiddast með jöfnum afborgunum á 20 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir. Ríkisstjórninni heimilast að taka þau lán til viðbótar, er þarf til að fullnægja þessari kvöð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.